

Kaupfélag KHB

Egilsstöðum

Handbók

fyrir

Hita- og loftræstikerfi

nr. 1




The H. V. A. Service

Sími: 587-4162

Farsími: 892-4428

Fax: 587-4162

Reykjavík maí 1999



HEITI VERKS:	Dags: 28.5.1999
	Teiknað: ko
Hita- og loftræsikerfi nr. 1 fyrir matvöruverslun	Samþ:
	Verk nr: 1
	Kvarði:
Kaupfélag KHB Egilsstöðum	

Hita- og Loftræsistöðun
 Ystabæ 11 110 Reykjavík
 Sími: 587-4162 Fax: 587-4162
 Farsími: 892-4428 - 852-4428

Lýsing á samvirkni tækja.

Loftræsti- og hitakerfi nr.1

Er fyrir Matvöruverslun.

NR: TÆKI: HLUTVERK:

Loftræstikerfið er uppblöndunarkerfi fyrir ferskloft og bakrásarloft, ferskloftið er dregið inn um Ferskloftslöku (tæki nr.1.02.) en Bakrásarloftið er dregið inn um bakrásarloku (tæki nr.1.01.), síu (tæki nr.1.06.), hitara (tæki nr.1.07.) sem hitar loftið upp í kjörhitastig og blæs því inn í verslunarsalinn með Innblásara (tæki nr.1.09.), í gegnum hljóðgildru (tæki .1.10.) þaðan inn í loftstokkinn og út um dísumnar sem dreifa heitaloftinu um svæðið.

Kerfið er Klukkustýrt (tæki nr.1.22.).

- 1.01. Loftloka Bakrásarloftloka staðsett við samstæðu. Stjórnast ásamt ferskloftloku (tæki nr.1.02.) af lokumótor (tæki nr.1.03.).
- 1.02. Loftloka Ferskloftloka staðsett við samstæðu. Stjórnast ásamt bakrásarloftloku (tæki nr.1.01.) af lokumótor (tæki nr.1.03.).
- 1.03. Lokumótor staðsettur á samstæðu. Stjórnast af uppblöndunarhitastilli (tæki nr.1.05.) en stjórnar Ferskloftslöku (tæki nr.1.02 og bakrásarloftloku (tæki nr.1.01.)
- 1.04. Hitamælir Lofthitamælir staðsettur í samstæðu. Sýnir hitastigið eins og það er hverju sinni á loftinu eftir uppblöndun.
- 1.05. Hitastillir uppblöndunarhitastillir staðsettur í samstæðu. Stjórnar loftlokumótor (tæki nr.1.03.).

Stillist á 12 gr.C.

- 1.06. Sía staðsett í samstæðu.
- 1.07. Hitari staðsettur í samstæðu. Stjórnast af mótorloka (tæki nr.1.13.). Hitar loftið upp í kjörhitastig eins og um er beðið hverju sinni á Stofuhitastilli (tæki nr.1.20.).
- 1.08. Frostvörn staðsett í samstæðu. Við frostútleysingu gerist eftirfarandi: Slekkur á blásara (tæki nr.1.09.), lokar Ferskloftslöku (tæki nr.1.02.) og opnar Bakrásarloftslöku (tæki nr.1.01.) og opnar mótorloka (tæki nr.1.13.).

Stillist á + 5 gr. C.

- 1.09. Blásari staðsettur í samstæðu. Stjórnast af Hraðabreyti (tæki nr.1.21.), og blæs loftinu inn í verslunasalinn.
- 1.10. Hljóðgildra staðsett framan við samstæðu. Dregur í sig hljóð frá blásaranum (tæki nr.1.09.).
- 1.11. Hitastillir Hámark, staðsettur í stökk innan við samstæðu. Tekur stjórnina af Stofuhitastilli (tæki nr.1.20.) og stjórnar mótorkoka (tæki nr.1.13.) þannig að lofthitinn sem blásið er inn í verslunina fari aldrei upp fyrir það hitastig sem hann er stilltur á.
Stillist á +35 gr. C.
- 1.12. Hitamælir Lofthitamælir staðsettur í stökk innan við samstæðu. Sýnir hitastigið eins og það er hverju sinni á loftinu sem blásið er inn í verslunina.
- 1.13. Mótorkoki staðsettur í samstæðu. Stjórnast af Stofuhitastilli (tæki nr.1.20.) og Hámarkshitastilli (tæki nr.1.11.) en stjórnar hitanum inn á hitara (tæki nr.1.07.).
- 1.14. Krani staðsettur í samstæðu, í framrás hitaveitu.
- 1.15. Krani staðsettur í samstæðu, í framrás hitaveitu.
- 1.16. Hitamælir Vatnshitamælir staðsettur í framrás hitaveitu. Sýnir hitastigið á framrásarvatninu eins og það er hverju sinni.
- 1.17. Krani staðsettur í samstæðu, í framrás hitaveitu.
- 1.18. Krani staðsettur í samstæðu, í bakrás hitaveitu.
- 1.19. Hitamælir staðsettur í bakrás hitaveitu. Sýnir hitastigið á bakrásarvatninu eins og það er hverju sinni.
- 1.20. Hitastillir Stofuhitastillir staðsettur á útvegg hægramegin við aðalinngang í verslunina. Stjórnar ásamt Hámarkshitastilli (tæki nr.1.11.) mótorkoka (tæki nr.1.13.)
Stillist á +21 gr. C.
- 1.21. Hraðabreytir staðsettur á gangi við snyrtingar. Stjórnar blásara (tæki nr.1.09.).
Stillist á 100 % hraða.
- 1.22. Klukka staðsett í tækjaklefa.
Kveikir á kerfinu kl. 07.00 að morgni, alla daga ársins.
Slekkur á kerfinu kl. 20.00 að kvöldi, alla daga ársins.